

Leikskólinn Álfaborg

Skólanámskrá



2026-2027

Námskrá Álfaborgar

Álfaborg er leikskóli í Svalbarðsstrandahreppi sem starfar eftir Uppbyggingarstefnunni og námskrá Álfaborgar. Í leikskólastarfinu er jafnframt lögð áhersla á Vináttuverkefni Barnaheilla – Blæ, sjálfsprottinn leik og flæði í dagskipulagi.

Í námskrá Álfaborgar er unnið út frá einkunnarorðum skólans; **umhyggju, virðingu, metnaði og gleði**. Grunnþættir og námssvið Aðalnámskrár leikskóla, ásamt öðrum áherslupáttum í starfinu, tengjast þessum fjórum einkunnarorðum:

Umhyggja – lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, tónlist og leikur.

Virðing – málþroski, jafnrétti, heilbrigði, velferð og leikur.

Metnaður – læsi, samskipti, tækni og leikur.

Gleði – sköpun, stærðfræði, menning og leikur.

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Í skólastefnunni er fjallað um framtíðarsýn, nemendur, starfsfólk, heimili og skóla, samfélag og náttúru. Hvor skóli hefur sína eigin skólanámskrá og koma allir starfsmenn að gerð hennar. Skólanámskrá Álfaborgar byggir á stefnu sveitarfélagsins, Aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum um leikskóla, Barnasáttmálanum og grunnþáttum og námssviðum menntunar. Að auki byggir hún á sameiginlegri stefnu skólanna, Uppbyggingarstefnunni.

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan, Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga, er stefna sem miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin styður við ábyrgðarkennd og hjálpar börnum að átta sig á eigin styrkleikum og þörfum. Einnig er lögð áhersla á að börn læri af mistökum sínum og nýti þá reynslu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Uppbyggingarstefnan er jafnframt verkfæri fyrir starfsfólk skólans í samskiptum og við úrlausn agamála. Hún stuðlar að sameiginlegum skilningi á samskiptum og hjálpar starfsfólki að bregðast við krefjandi aðstæðum á uppbyggilegan og samræmdan hátt.

Skólafestna Svalbarðsstrandarhrepps

Leikurinn sem aðalnámsleið

Fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla að leikur sé ein af megin námsleiðum barna, þeirra lífstjáning og stór þáttur í bernskuárunum. Í Álfaborg er lögð áhersla á að gefa sjálfsprottnum leik góðan tíma og nægt rými.

Sjálfsprottinn leikur er þegar börnin ráða ferðinni, byggja á eigin áhuga og styrkleikum, nota efnivið á fjölbreyttan hátt og setja sjálf reglurnar. Í gegnum leikinn æfast börn meðal annars í félagslegum aðstæðum og samskiptum og efla þannig alhliða þroska sinn. Í leik gefst börnum einnig tækifæri til að rannsaka umhverfi sitt, leysa vandamál, tjá hugmyndir og tilfinningar og þróa sköpunargáfu sína.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans hafi þekkingu og skilning á því hvað leikur felur í sér. Það auðveldar skipulagningu leikskólastarfs þar sem leikurinn er í forgangi og stuðlar að því að þeirri áherslu sé fylgt eftir í daglegu starfi.

Hlutverk starfsfólks er að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem leikur fær að njóta sín. Starfsfólk fylgist með leik barnanna, er næmt fyrir áhuga þeirra og þörfum og styður við leikinn þegar við á.

Helstu birtingarmyndir leiks og leikforma hjá börnum eru hreyfi- og ærslaleikur, byggingaleikur og hlutverka- og þykjustuleikur.

Handbók um leik barna í leikskólum

Samstarf heimilis og leikskóla

Samstarf heimilis og leikskóla er mikilvægur þáttur í velferð barna og í Álfaborg er lögð mikil áhersla á gott og traust samstarf þar á milli. Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við uppeldið og styður við þroska, nám og velferð barnanna.

Börn dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum og því er mikilvægt að starfsfólk hafi góða þekkingu á líðan þeirra, áhuga, þörfum og venjum heima fyrir. Með góðu upplýsingastreymi og opnum samskiptum milli heimilis og leikskóla skapast sameiginlegur skilningur á þörfum barnsins og hægt er að bregðast betur við þeim.

Lagt er upp með að upplýsingastreymi sé í báðar áttir og að foreldrar og forráðamenn upplifi að á þá sé hlustað og að þeir séu virkir þátttakendur í leikskólastarfi barnsins.

Traust, virðing og góð samskipti eru mikilvægir þættir í samstarfinu og stuðla að öryggi og vellíðan barnanna.

Foreldrahandbók Álfaborgar

Námsmat

Námsmat er órjúfanlegur þáttur í skólastarfi og er mikilvægt til að fylgjast með námi, þroska, líðan og framförum barna. Í Álfaborg eru notuð fjölbreytt matstæki og matsaðferðir til að fylgjast með framförum barnanna og veita þeim viðeigandi stuðning. Með reglulegu mati og eftirfylgni er hægt að bregðast snemma við ef þörf er á og veita börnum þann stuðning og þá þjónustu sem þau þurfa hverju sinni. Til að leggja fyrir TRAS, HLJÓM-2, EFI-2 og MIO þarf viðkomandi starfsmaður að hafa lokið viðeigandi námskeiði.

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat er aðferð til að fylgjast með framförum barna og styðja við áframhaldandi nám þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á leiðsagnarmat í leikskólastarfi. Þar er áhersla lögð á að leiðbeina börnum, spyrja opinna spurninga og hvetja til samræðna. Þannig fá börn tækifæri til að hugsa um, ræða og velta fyrir sér eigin námi og því sem þau eru að gera.

Við leiðsagnarmat eru nýttar fjölbreyttar matsaðferðir, svo sem ljósmyndir, verk barna, samræður og afmarkaðar æfingar. Lögð er áhersla á að börnin séu virkir þátttakendur í eigin námsferli og að endurgjöf starfsfólks sé uppbyggjandi, gagnleg og jákvæð. Markmiðið er að börnin geti nýtt sér endurgjöfina til að efla nám sitt og halda áfram að þróa færni sína.

Ferilmappa

Ferilmappa segir sögu barnsins í gegnum leikskólagönguna og gefur innsýn í nám þess, þroska, áhuga og upplifun. Í möppuna safnast saman verk barnsins og gögn sem endurspeglar námsferil þess. Ferilmappan er aðgengileg barninu í leikskólanum og við útskrift fær það möppuna sína með sér.

Innihald ferilmöppunnar á að endurspeglar líðan barnsins, leik þess, félagsleg samskipti og nám á fjölbreyttum námssviðum leikskólans. Dæmi um efni í möppunni eru

proskalisti sem fylltur er út í afmælistánuði barnsins, myndir úr starfinu, verk sem barnið velur sjálf að setja í möppuna og mat á leik og félagslegum samskiptum barnsins.

TRAS

TRAS er skráningartæki sem notað er til að fylgjast með mál- og félagsþroska barna á aldrinum 2–5 ára. Tækið styður við að greina snemma þau börn sem kunna að þurfa aukinn stuðning við mál- og félagsþroska. TRAS er lagt fyrir öll börn á þessum aldri tvisvar á ári, með um sex mánaða millibili. Niðurstöður eru teknar til umræðu á viðkomandi deild og metið hvort þörf sé á markvissri vinnu með ákveðna þætti. Foreldrum og forráðamönnum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum að vori.

EFI-2

EFI-2 er skimun á málþroska þriggja ára barna og er lögð fyrir allan árganginn. Skimunin byggir á myndabók sem barn og starfsmaður skoða saman og metur meðal annars málskilning og máltjáningu.

Ef niðurstöður gefa til kynna að barn þurfi aukinn stuðning er unnið markvisst með þá þætti í leikskólanum. Foreldrum og forráðamönnum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtali.

MIO

MIO er skimun á stærðfræði þroska barna á aldrinum 2,5–4,5 ára og er lögð fyrir einu sinni á ári. Skimunin metur stærðfræðilega færni barna og gefur vísbendingar um hvort þau þurfi frekari stuðning eða markvissa vinnu með ákveðna þætti. Niðurstöður eru teknar til umræðu á viðkomandi deild og metið hvort þörf sé á að vinna sérstaklega með ákveðna þætti. Foreldrum og forráðamönnum eru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum að vori.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er skimun sem lögð er fyrir elsta árgang leikskólans til að meta hljóðkerfisvitund barna. Skimunin er lögð fyrir að hausti og aftur að vori og gefur vísbendingar um þau börn sem kunna að vera í áhættu fyrir lestrarerfiðleikum síðar.

meir. Í HLJÓM-2 er meðal annars metin færni í samstöfum, samsettum orðum, rími, margræðum orðum, hljóðgreiningu, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Börn sem sýna slaka færni á ákveðnum þáttum fá aukinn stuðning og markvissa þjálfun yfir veturinn. Ef ákveðinn þáttur reynist áberandi slakur hjá stórum hluta hópsins er unnið með hann í hópnum í heild. Foreldrum og forráðamönnum eru kynntar niðurstöður HLJÓM-2 að hausti og niðurstöður fylgja barninu yfir í grunnskóla.

AEPS

Stoðteymi leikskólans nýtir AEPS (Assessment, Evaluation, and Programming System) til að styðja við mat á þroska og færni barna. AEPS er gagnreynt og heildstætt matskerfi þar sem mat á færni barnsins tengist beint gerð einstaklingsáætlana og markvissri íhlutun. Matið fer fram með því að fylgjast með barninu í leik, daglegum athöfnum og öðrum aðstæðum í leikskólanum. Metin er færni á sex lykilsviðum þroska: fín- og grófhreyfingum, færni í daglegum athöfnum, vitsmunabáttum, félagslegum tjáskiptum og félagslegum samskiptum. Markmið AEPS er að styðja við þroska barnsins og efla sjálfstæði þess, þátttöku og hagnýta færni í daglegu lífi.

Markmið Álfaborgar

Leikurinn er einn af hornsteinum leikskólastarfsins og ein af megin námsleiðum barna í leikskólanum. Námsleiðirnar eru þó fjölbreyttar og því er leikurinn hafður sýnilegur í öllum áherslupáttum til að undirstrika mikilvægi hans og tryggja honum nægt rými í leikskólastarfinu.

Námskráin er deildarskipt og eru námsmarkmið því ekki þau sömu á öllum deildum. Námsmarkmið á Hreiðri taka mið af börnum á aldrinum 1–2 ára, en á Rjóðri og Kvisti miðast þau við börn á aldrinum 2–6 ára. Námsmarkmiðunum er skipt upp eftir áherslupáttum og sett fram sem stök markmið.

- Að öllum börnunum líði vel og séu glöð í leikskólanum.
- Að hvert barn læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér, öðrum, náttúrunni og umhverfinu.
- Að tekið sé mið af námsþörfum og styrkleikum hvers barns og leitað leiða sem henta hverjum einstaklingi.

- Að hver einstaklingur fái notið sín og hæfileika sinna og læri af eigin reynslu og í samskiptum við aðra.
- Að efla forvitni, ígrundun, gagnrýna hugsun og félagslega færni barna.

Umhyggja – námsmarkmið

Lýðræði og mannréttindi – sjálfbærni – tónlist – leikur

Í Álfaborg sýnum við umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa. Við leggjum áherslu á að skapa örugg tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

Dæmi um námsleiðir

- Samræður og virk hlustun.
- Lestur bóka.
- Söngur og tónlist.
- Leikur.
- Hreyfing.
- Að prófa mismunandi hljóðfæri.
- Útikennsla.

Markmið umhyggju

- Að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Að börnin finni fyrir öryggi, bæði í hópi og þegar þau eru ein.
- Að börnin geti sýnt öðrum skilning og vinsemd.
- Að börnin geti tjáð skoðanir sínar ófeimin.
- Að börnin geti sagt frá ef eitthvað er að og upplifi að á þau sé hlustað og þeim trúað.

Hreiður

Lýðræði og mannréttindi – sjálfbærni – tónlist – leikur

- Við leggjum áherslu á grunnþarfir einstaklingsins; öryggi, að tilheyra, frelsi, gleði og áhrifavald.

- Við göngum vel um leikskólalóðina og fjarlægjum óæskilega hluti ef þeir verða á vegi okkar.
- Við syngjum með börnunum daglega og eflum þannig hljóðkerfisvitund þeirra.
- Starfsfólk leggur áherslu á að vera á gólfinu með börnunum í leik og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.
- Við eflum börnin sem einstaklinga og leggjum áherslu á að við erum öll ólík.
- Við endurnýtum efnivið í sköpun.
- Við kynnum fyrir börnunum mismunandi hljóðfæri, svo sem hristur, og gefum þeim tækifæri til að skapa sinn eigin hljóðheim.
- Við gefum börnunum tækifæri til sjálfsprotts leiks með stuðningi starfsfólks.
- Við veitum börnunum daglega umönnun í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni.
- Við flokkum rusl.
- Við förum reglulega í dans- og hreyfileiki.
- Við leggjum áherslu á að kenna börnum að leika saman og eiga góð samskipti.
- Við gefum börnunum tækifæri til að velja og hafa áhrif á eigið leikskólastarf.

Rjóður og Kvistur

Lýðræði og mannréttindi – sjálfbærni – tónlist – leikur

- Við leggjum áherslu á frelsi til að vera maður sjálfur og að allir séu ólíkir.
- Við göngum vel um leikskólalóðina svo hún sé örugg fyrir alla.
- Við syngjum saman lög.
- Við kennum börnum að það sé í lagi að leika sér ein og í hóp með öðrum.
- Í hópastarfi og samverustundum fá öll börn tækifæri til að tjá sig og læra að hlusta á aðra.
- Við kennum börnum að skammta sér hæfilega á disk og velja það sem þau ætla að borða.
- Börnin fá tækifæri til að skapa eigin tónlist með söng og hljóðfæraleik.
- Við leitum eftir hugmyndum barnanna um hvaða leiki þau vilja fara í.
- Við gefum börnunum tækifæri til að velja fyrir sig og aðra, meðal annars í sjálfsprottnum leik.

- Í útiskóla læra börnin að bera virðingu fyrir náttúru og dýrum, meðal annars með því að tína rusl.
- Við vinnum með takt, til dæmis með því að klappa nöfn barnanna.
- Við hvetjum til fjölbreyttra leikja.
- Við lærum að virða skoðanir annarra.
- Við flokkum mat, pappír og almennt rusl.
- Við prófum mismunandi hljóðfæri.
- Við lærum í gegnum sjálfsprottinn leik.
- Við hvetjum elstu börnin til að koma með hugmyndir og hafa áhrif á starfið.
- Við notum endurnýtanlegan efnivið í starfinu.
- Við hlustum á tónlist frá mismunandi menningarheimum.
- Við leikum úti í náttúrunni til að kanna, skoða og læra um hana.
- Við leggjum áherslu á að ganga vel um og ekki skemma eða eyðileggja.
- Við dönsum og hreyfum okkur.
- Við gefum börnum tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku sem hæfir aldri þeirra og þroska.

Öll börn eiga rétt á að leika sér.

Virðing – námsmarkmið

Málþroski – jafnrétti – heilbrigði og velferð – leikur

Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Nauðsynlegt er að efla sjálfstraust barna með því að hjálpa þeim að finna og nýta styrkleika sína. Við leggjum áherslu á að virðing sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.

Virðing felst meðal annars í því að vera góður vinur, hlusta á og bera virðingu fyrir skoðunum annarra, fara vel með hluti, standa með sjálfum sér og koma vel fram við aðra.

Dæmi um námsleiðir

- Hlutverka- og hreyfileikir.
- Lestur.

- Samverustundir.
- Samræður.
- Að setja orð á það sem verið er að gera og skoða.

Markmið virðingar

- Að efla færni barnanna í mannlegum samskiptum sem einkennast af virðingu, vináttu og kærleika.
- Að börnin læri að við lærum og þroskumst á mismunandi hátt.
- Að börnin læri að virða að enginn er eins.
- Að börnin læri að þau megi vera þau sjálf.

Hreiður

Málproski – jafnrétti – heilbrigði og velferð – leikur

- Við lesum og syngjum með börnunum daglega.
- Við kennum börnunum að hlusta á aðra og tjá skoðanir sínar án þess að særa aðra.
- Við förum daglega í útivist og hreyfingu og kennum börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- Við gefum börnunum tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik.
- Við eflum orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir, svo sem liti, dýr, tölur og líkamshluta.
- Við kennum börnunum að enginn er eins og að við erum öll einstök.
- Við bjóðum upp á næringarríkan mat og ávexti milli mála.
- Við kennum börnum góð samskipti í gegnum leik og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Við aukum orðaforða með því að hvetja börnin til að endurtaka orð.
- Við kennum börnunum kurteisi og samkennd.
- Við kennum börnunum að nota mataráhöld.
- Við höfum söngstund með hristum fjórum sinnum í viku.

- Við lengjum setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta upplýsingum við.
- Við eflum börnin sem einstaklinga og hvetjum þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðu hugarfari.
- Við kennum mikilvægi hreinlætis, svo sem að þvo sér eftir mat.
- Við bjóðum upp á dans og hreyfileiki í hópastarfi.
- Við hvetjum börnin til að prófa og smakka fjölbreytta fæðu.
- Við leggjum áherslu á daglega hreyfingu í útivist og leik.
- Við hvetjum til fjölbreyttrar hreyfingar, svo sem að hoppa, klifra og hlaupa við öruggar aðstæður.
- Við eflum fínhyrningar með fjölbreyttum skapandi verkefnum.

Rjóður og Kvistur

Málþroski – jafnrétti – heilbrigði og velferð – leikur

- Við lesum og syngjum með börnunum daglega.
- Við eflum börnin sem einstaklinga og hvetjum þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum.
- Við hvetjum börnin til að prófa fjölbreyttan mat.
- Við bjóðum upp á dans og hreyfileiki.
- Við lesum bækur, útskýrum erfið orð og ræðum um innihald þeirra.
- Við leyfum börnunum að taka ákvarðanir, bæði fyrir sig og sem hóp.
- Við leggjum áherslu á jákvæð dagleg samskipti.
- Við eflum fín- og grófhreyfingar í fjölbreyttum leik.
- Við vinnum með rím, byrjum á bulli og færum okkur síðan yfir í algeng orð.
- Við spjöllum við börnin og gefum þeim tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.
- Við eflum sjálfstæði barnanna.
- Við finnum leiðir fyrir öll börn til að vera virkir þátttakendur í leik með öðrum.
- Við vinnum með orðaforða sem tengist meðal annars tilfinningum, fjölskyldu, líkamanum, veðri og náttúru.
- Við gefum börnunum tækifæri til að velja á hverjum degi, til dæmis með hverjum og hvar þau vilja leika sér.

- Við kennum börnum að setja orð á tilfinningar og hvernig hægt er að bregðast við þeim.
- Við gefum þeim tækifæri til að vinna með tilfinningar sem koma fram í leik.
- Við lengjum setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta upplýsingum við.
- Við leggjum áherslu á að enginn sé eins og gefum börnunum frelsi til að vera þau sjálf.
- Við kennum börnum félagsfærni, leik og almenn samskipti.
- Við styðjum við velferð með því að gefa börnum tækifæri til að leika sér með vinum sínum.
- Við setjum orð á hluti og athafnir.
- Við vinnum með sögur sem fjalla um jafnrétti og mannréttindi.
- Við leggjum áherslu á daglega útiveru og hreyfileiki.
- Við kennum börnum að bera virðingu fyrir því sem aðrir vilja gera í leik.
- Við lærum vísur, þulur og lög.
- Við lærum að bera virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum.
- Við notum athyglis- og minnisleiki.
- Við hrósum, veitum hlýju og notum jákvæða snertingu.
- Við æfum hlustun, til dæmis með lestri og leikjum.
- Við notum óbeina leiðréttingu með því að endurtaka orð og setningar barnanna með réttu orðalagi.

Metnaður – námsmarkmið

Læsi – samskipti – tækni – leikur

Í Álfaborg er lögð áhersla á metnaðarfullt samstarf milli skólastiga sem veitir elstu börnum leikskólans öryggi og góðan undirbúning fyrir komandi skólagöngu. Við veitum börnunum uppbyggilegt og skapandi umhverfi til náms og bjóðum upp á hvetjandi og þroskandi efnivið sem gerir þeim kleift að vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

Dæmi um námsleiðir

- Fjölbreytt námsumhverfi.

- Að efla jákvæð samskipti.
- Að spyrja opinna spurninga.
- Að hafa ritmál sýnilegt.
- Að ýta undir áhuga á lestri og hlustun á sögur.

Markmið metnaðar

- Að leggja áherslu á að öll börn geri sitt besta, séu virk í starfi og leik og hafi trú á eigin getu.
- Að hvetja börnin til að kynnast og nota tungumál sitt.
- Að börnin öðlist færni til að þekkja og tjá eigin tilfinningar.
- Að börnin öðlist færni til að eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum.

Hreiður

Læsi – samskipti – tækni – leikur

- Við höfum söngstundir og samveru daglega.
- Við hvetjum börnin til samskipta í hópastarfi.
- Við notum spjaldtölvur til að hlusta á tónlist.
- Við gefum tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik daglega.
- Við höfum gott aðgengi að bókum og lesum fyrir börnin.
- Við setjum orð á athafnir barnanna í daglegum samskiptum.
- Starfsfólk notar spjaldtölvur til að miðla upplýsingum til foreldra.
- Við förum daglega út þar sem börnin fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og kynnast mismunandi undirlagi.
- Við eflum tilfinningalæsi með því að setja orð á tilfinningar, til dæmis „Ég sé að þú ert reiður núna.“
- Við eflum samskipti barna í gegnum sjálfsprottinn leik, meðal annars með því að kenna þeim að skiptast á.
- Börnin fá tíma, viðeigandi efnivið og leikföng til að skapa og rannsaka.

Rjóður og Kvistur

Læsi – samskipti – tækni – leikur

- Í útiskóla læra börnin að lesa í nærumhverfi sitt.
- Við eflum samskipti barna í gegnum sjálfsprottinn leik.
- Við nýtum spjaldtölvur til náms, meðal annars námsleiki á borð við Osmo, Book Creator, Puppet Pals og Orðaleik.
- Við gefum tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik daglega.
- Við höfum söngstundir og samveru daglega.
- Við vinnum með félagsfærni og samskipti í samstarfi við iðjupjálfa.
- Við nýtum spjaldtölvur til að hlusta á tónlist og sögur.
- Við leggjum áherslu á daglega útiveru.
- Við höfum gott aðgengi að bókum og skriftar- og teikniefni fyrir börnin.
- Við hvetjum börnin til samskipta í hópastarfi.
- Við notum skjávarpa í fjölbreyttu starfi, til dæmis fyrir bókabíó og Zumba í hreyfingu.
- Við æfum okkur í að skiptast á í leik.
- Við lesum fyrir börnin daglega.
- Við gefum börnunum rými til að eiga í samræðum við önnur börn.
- Við æfum með börnunum að vera meðvituð og gagnrýnin í notkun stafrænnar tækni.
- Við notum tækni á skapandi hátt í leik.
- Við búum til sögur.
- Öll börn eiga að hafa jafnan aðgang að stafrænni tækni.
- Við spilum fjölbreytt spil.
- Við spyrjum börnin spurninga og hvetjum þau til að spyrja.
- Við eflum tilfinningalæsi með því að setja orð á okkar eigin tilfinningar og tilfinningar barnanna.

Gleði – námsmarkmið

Sköpun – stærðfræði – menning – leikur

Í Álfaborg er lögð áhersla á að gleðin fái að ríkja í daglegu starfi, jafnt í námi sem leik. Gleðin endurspeglast í samskiptum sem einkennast af vináttu, umburðarlyndi og friðsemd. Við leggjum áherslu á að vera jákvæð gagnvart verkefnum og að gera okkar besta. Við gerum okkur grein fyrir því að allir geta átt misjafna daga og að við erum öll ólík. Í starfinu höfum við gleðina að leiðarljósi og leggjum áherslu á að börnin fái að vera þau sjálf og njóti þess að læra, leika og skapa.

Dæmi um námsleiðir

- Að starfsfólk sé góð fyrirmynd.
- Bros, glaðværð, jákvæðni og hrós í daglegu starfi.
- Leikur sem aðalnámsleið barna.
- Að hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum efnivið.
- Að gefa börnum tækifæri til að gera tilraunir, prófa sig áfram og efla sjálfstraust sitt.
- Að gefa börnum tækifæri til að tjá sig og koma fram fyrir aðra.

Markmið gleði

- Að börnum líði vel og þau upplifi gleði og vellíðan.
- Að kenna börnum að standa með sjálfum sér og hafa trú á eigin getu.
- Að efla forvitni og sköpunargleði barna.

Hreiður

Sköpun – stærðfræði – menning – leikur

- Við gefum tíma og aðgengi að sjálfsprottnum leik.
- Við röðum og flokkum saman.
- Við æfum almenna kurteisi, til dæmis að bjóða góðan dag og þakka fyrir matinn.
- Við bjóðum upp á fjölbreytta hreyfileiki, bæði sjálfsprottna og með stuðningi starfsfólks.
- Við höfum aðgengi að opnum efniviði sem gefur sköpuninni svigrúm.
- Við byggjum úr kubbum.

- Við höldum í íslenska arfleifð með söng og sögum.
- Við æfum okkur í að deila og leika saman.
- Við uppgötva myndlist og sköpun í samvinnu við starfsfólk.
- Við vinnum með stærðarhugtök, svo sem stór og lítil.
- Við heimsækjum nærsamfélagið.
- Við gefum tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik alla daga.
- Við notum dans og hljóðfæri og búum til tónverk.
- Við vinnum með klapp, talningu, atkvæði og takt í söng.
- Við kynnum hátíðir og hefðir.

Rjóður og Kvistur

Sköpun – stærðfræði – menning – leikur

- Við gefum tíma og aðgengi að sjálfsprottnum leik.
- Við röðum, þörum saman og flokkum.
- Við æfum almenna kurteisi sem tíðkast í okkar samfélagi, svo sem að bjóða góðan dag, þakka fyrir matinn, kveðja og sýna almennt hreinlæti.
- Við leggjum áherslu á að gera okkar besta.
- Við höfum aðgengi að opnum efniviði sem gefur sköpuninni svigrúm.
- Við höfum tölur sýnilegar í umhverfi barnanna.
- Við höldum í hátíðir og hefðir, svo sem jól, páska, sumardaginn fyrsta, bónda- og konudag og þorablót.
- Við gefum börnunum tækifæri til að endurskapa það sem þau þekkja í gegnum leik á eigin hátt.
- Við gefum börnum tækifæri til að hanna, velja og búa til, til dæmis gjafir, kórónur og myndverk.
- Við vinnum með stærðfræðileg form og tákni, svo sem hring, ferning, þríhyrning, stjörnu og hjarta.
- Við heimsækjum nærsamfélagið.
- Við hvetjum börnin til að sýna frumkvæði.
- Við æfum okkur í að gleðjast yfir eigin árangri og gleðjast með öðrum.

- Við vinnum með mismunandi mælieiningar og notum fjölbreyttan efnivið til mælinga, svo sem skó, kubba og bolta.
- Við leggjum stund á grenndarkennslu í útiskóla.
- Við gefum tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik alla daga.
- Við kennum börnum að taka á móti hrósi og gefa hrós.
- Við vinnum með stærðfræðileg hugtök, svo sem stór, stærri, stærstur, lítill, minni og minnstur.
- Við vinnum með myndlist og höldum árlega sýningu í Safnasafninu.
- Við eflum samskipti og félagsfærni í gegnum leik.
- Við notum dans og hljóðfæri og búum til tónverk.
- Við vinnum með mynstur og speglun, meðal annars í perlugerð.
- Við höldum upp á afmæli á okkar eigin hátt.
- Við æfum okkur í að leika í hópi með öðrum.
- Í útivist fá sköpun og leikur að njóta sín í sandkassa, drullubúum og fjölbreyttum sjálfsprottnum útileikjum.
- Við nýtum fjölbreyttan menningarheim barnahópsins hverju sinni.
- Við eflum trú barna á sjálfum sér og eigin getu í gegnum leik.
- Við notum hlutverkaleiki þar sem frjáls sköpun fær að njóta sín.
- Við höldum í íslenska arfleifð með söng og sögum.
- Við bjóðum upp á verkefni og leiki sem styðja við frumkvæði og áhuga barna.

Endurskoðun og samþykkt skólanámskrár

Skólanámskráin var yfirfarin af leikskólastjóra og starfsfólki leikskólans á skólaárunum 2024–2026. Námskráin er yfirfarin árlega af leikskólastjóra og deildarstjórum og síðan lögð fyrir skólanefnd til yfirlestrar og samþykktar.

Einkunnarorð skólans

Umhyggja – virðing – metnaður – gleði

Námskráin var yfirfarin í sept 2026 og ábyrgðamaður er:

Guðrún Hallfríður

Leikskólastjóri Álfaborgar